

ur“, svaraði Sharpe, „því auður þinn er meiri en Alice Blake, og hún giftist þér ef þú biður hennar“.

Og aftur fór hann að hlægja, Hugh til hinnar mestu skapraunar og undrunar. Honum gat ekki dottið í hug annað en að vinur sinn væri orðinn vitstola, því Hugh vissi að Sharpe var vinfastur og mjög hjartagóður og hafði næmar tilfinningar og miklar og vildi heldur líða rangt sjálfur en að gera öðrum órétt, Hugh gat ekki skilið í þessu,

„Ég skil ekki í því, Mr. Sharpe“, sagði hann þunglyndislega, „að þú gerir það með vilja að særa tilfinningar mínar, og bið ég þig að fyrirgefa mér, þó ég segi þér að gleði þín á ekki við mig í þetta sinn“.

„Að gleði eigi ekki við þig, er heimska og vitleysa“, sagði Sharpe. „Ég hefi góða góða ástæðu til þess að vera glaður og þú líka. Manstu eftir að þú hafir bjargað dreng hérna úr ánni hjá Fulton-ferjupallinum?“

„Ég man það vel“, svaraði Hugh, sem skildi ekki hvað hann meinti með spurningunni.

„Jæja. Gamla konan sem var með